

## MINNISBLAÐ

## TITILL

Mölnarverksmiðja-viðbrögð við erindi Sveitarfélagsins  
Ölfuss

## DAGSETNING

21. október 2024

## TIL

Þorsteinn Víglundsson, Hornsteinn

## AFRITA

## FRÁ

## VERKNR

Rúnar D. Bjarnason, COWI  
1.881.239

HEIMILISFANG COWI A/S

Urðarhvarf 6

203 Kópavogi

SÍMI +354 422 3000

FAX

WWW cowi.com

SÍÐA 1/4

## 1 Inngangur

Minnisblað þetta er unnið að beiðni HPM sem stefnir að uppbyggingu mölnarverksmiðju á iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar í Sveitarfélaginu Ölfusi. Beiðnin er tilkomin vegna erindis First Water til Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 3.júlí 2024. Þar sem farið er fram á frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila varðandi nokkra þætti framkvæmdar. Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss tók erindið fyrir á fundi sínum 10.júlí 2024 og samþykkti eftirfarandi bókun sem snýr að framkvæmdaraðila fyrirhugaðrar mölnarverksmiðju, HPM:

### *i Hávaði og titringur*

*Nefndin samþykkir að kalla tafarlaust eftir ítarlegri svörum frá Heidelberg um allt það sem tengist titring og mögulegri hávaðamengun frá fyrirhugaðri starfsemi þeirra. Þegar þau svör hafa borist mun sveitarfélagið kalla eftir álitum frá til þess bærum þriðja aðila.*

### *ii Rykmengun*

*Nefndin samþykkir að kalla tafarlaust eftir ítarlegum svörum frá Heidelberg um allt það sem tengist mögulegri rykmengun frá fyrirhugaðri starfsemi þeirra. Þegar þau svör hafa borist mun sveitarfélagið kalla eftir álitum frá til þess bærum þriðja aðila.*

## 2 Forsaga

Mannvit (nú COWI) hafði umsjón með vinnu umhverfismats vegna fyrirhugaðrar mölnarverksmiðju í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Matsáætlun fyrir verkefnið lá fyrir með álitum Skipulagsstofnunar 29.júní 2023. Áður en álit lá fyrir var matsáætlun kynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 24.mars 2023, en matsáætlun lá einnig frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss og á heimasíðu Skipulagsstofnunar frá 28.mars – 25.apríl. Umsagnir bárust frá 8 opinberum aðilum og 5 einkaaðilum, sjá matsáætlun hér: <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/2095/%C3%81lit%20mats%C3%A1%C3%A6tlun%20um%20m%C3%B6lnarverk-smi%C3%B0ju.pdf>

Í matsáætlun er skilgreint hvaða þættir umhverfisins verða til skoðunar í umhverfismati og þegar við á er einnig fjallað um þá þætti sem ekki verða til skoðunar og færð rök fyrir ástæðum þess að skilgreindir þættir verða ekki til skoðunar. Eftirfarandi rök voru fyrir því að

fjalla ekki frekar um mengun og hljóðvist frá verksmiðju í umhverfismati. Fallist var á þessa nálgun í álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun:

*„Starfsemi mölunarverksmiðju er framkvæmd þar sem er unnið með efni í vélum og tækjum innanhúss þar sem efnið er meðhöndlað fyrir framleiðsluferlið. Við meðhöndlun og vinnslu má búast við að hljóðmengun frá starfsemi sé allt að 65 dB við verksmiðjuvegg utanhúss þegar ákveðnir þættir verksmiðjunnar eru í vinnslu. Gert er ráð fyrir að hávaði frá verksmiðju muni ekki fara yfir mörk reglugerðar um hávaða frá atvinnustarfsemi, en þar er miðað við 50 dB við húsvegg íbúðarhúsa yfir daginn en 40 dB að nóttu. Farið verður eftir þeim hljóðvistarkröfum sem miða við það hljóðvistarstig sem er heimilt á þeim tíma dags sem vinnsla á sér stað.*

*Við mótun mannvirkja og innviða á skipulagssvæðinu verður sérstaklega hugað að hljóðvist og gerðar ráðstafanir bæði fyrir almenna starfsaðstöðu starfsfólks, starfsmannarými og aðliggjandi byggð. Mótun lóðar og landslag, notkun umhverfisvænna hljóðlausna og há-tækniþúnaðar eru aðgerðir sem hugað verður að við skipulagsvinnu lóðarinnar. Til að vinna gegn umhverfisáhrifum og sandfoki verður allt efni meðhöndlað í lokuðu kerfi frá móttöku þess til lestunar í skip. Þúnaður til lestunar er í lokuðu kerfi svo ekki verður um neina rykmyndun vegna framleiðslunnar. Öll starfsemi hefur verið áformuð og skipulögð til að vera innan mannvirkja á framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir sandfok eða aðra mengun. Það er einnig í samræmi við samþykkt skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss frá því í júlí 2022. Ekki verður fjallað nánar um áhrif á mengun og hljóðvist í umhverfismatskýrslu.“*

Álit Skipulagsstofnunar um mölunarverksmiðju lá fyrir 6.maí 2024. Umfjöllun um hljóðvist er einkum um hávaða frá umferð. Ekki er sérstök umfjöllun um rykmengun.

### 3 Niðurstöður frekari mælinga og útreikninga

#### **Núverandi staða**

Vegna beiðni skipulags- og umhverfisnefndar var leitað til Verkfræðistofnunnar VISTA með mælingar á núverandi stöðu á svæðinu á ryki, hljóðvist og titringi. Mælingar fóru fram í rúmar 3 vikur í september og október 2024 (26.09-16.10). Niðurstöður mælinga má sjá í tveimur fylgiskjölum.

## Ryk

Mæld voru svifryksgildi sem miðað er við í íslenskum reglugerðum þ.e. PM<sub>10</sub> og PM<sub>2,5</sub>. Hvað varðar sólarhringsviðmið reglugerðar nr. 920/2016 má svifryk (PM<sub>10</sub>) ekki fara yfir 50 µg/m<sup>3</sup> oftár en 35 sinnum á almanaksári

Samkvæmt niðurstöðu voru hæstu sólarhringsgildi PM<sub>10</sub> rúmlega 18 µg/m<sup>3</sup> og því vel undir mörkum. Heildarsvifryk (PM total) var 38,5 og 35,4 µg/m<sup>3</sup> dagana 5 og 6 október, sem gefur til kynna að talsvert var af ryki með meiri kornastærð en eru til viðmiðunar í reglugerð. Á verstu dögum voru mæld gildi á iðnaðarsvæðinu nokkuð hærri en í viðmiðunarstaðnum í Þorlákshöfn. VISTA telur ástæðu þessa geta tengst framkvæmdum sem eru á nálægum svæðum. Veðurmælingar styðja þessa ályktun en sterkari vindar gætu hafa ráðið auknu svifryksmagni frá nálægum svæðum.

## Hljóðvist

Mældur var bakgrunnshávaði í 18.-21. október 2024. Mælingar sýna að umhverfishávaði ræðst af veðri og umhverfisaðstæðum. Samkvæmt 15 mínútna jafngildishljóðstigi er hljóðvist á svæðinu að jafnaði 40-55 dB(A).

## Titringur

Mældur var titringur á svæðinu 19.-20. október 2024. Mjög lítill titringur mældist þessa daga.

## ***Áhrif verksmiðju***

HPM óskaði eftir að COWI ynni útreikninga á titringi og hljóðvist frá fyrirhugaðri verksmiðju. Umfjöllun um þessa tvo þætti fylgja með í fylgiskjólum.

## Hljóðvist

Samkvæmt reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eru viðmiðunarmörk fyrir iðnaðar- og athafnasvæði 70 dB(A).

Unnin voru 4 kort þar sem áætlaður hávaði var reiknaður út frá gefnum forsendum um hljóðvist frá verksmiðju, annars vegar 70 dB(A) við verksmiðjuvegg og hins vegar 70 dB(A) verði við lóðamörk. Hönnunarforsendur verksmiðju miða við 70 dB(A) við verksmiðjuvegg. Tvö kort sýna útbreiðslu hljóðs miðað við þessar forsendur að viðbættum umferðarforsendum til framtíðar.

Samkvæmt niðurstöðum hljóðútreikninga er hljóðstig á aðliggjandi lóðum hæst á bilinu 50-60 dB(A) að því gefnu að 70 dB(A) mörk séu uppfyllt innan lóðar Heidelberg, eins og reglugerð kveður á um.

## Ryk

Gera má ráð fyrir að rykmengun verði einhver vegna framkvæmda á meðan á uppbyggingu stendur sem er viðlíka því sem er í dag skv. mælingum sem vísað er í hér á undan.

Eins og fram kom í matsáætlun og bent var á hér að fram mun á rekstartíma mölunarverksmiðju “*allt efni meðhöndlað í lokuðu kerfi frá móttöku þess til lestunar í skip*”. Þetta þýðir að útloftun á húsnæði og búnaði verður í gegnum þéttan síubúnað og því verður losun ryks út í andrúmsloftið hverfandi og ekki grunnur til sérstakra útreikninga á loftborinni mengun á rekstartíma. Samkvæmt upplýsingum frá Heidelberg miða loftsíur á öllum búnaði við að rykmagn í lofti verði minna en  $10 \text{ mg/Nm}^3$ .

Eins og fram kom í umhverfismatsferli þá svipar mölunarverksmiðju um margt til sementsverksmiðja sem staðsettar eru víða um heim. Mjög algengt er að slíkar verksmiðjur séu staðsettar nálægt íbúðarbyggð án vandkvæða, enda eru gerðar miklar kröfur til loftgæða og annarra heilbrigðisþátta s.s. hljóðvistar og titrings.

#### Titringsur

Megin niðurstöður eru þær að titringur sem má vænta frá fyrirhugaðri verksmiðju verði undir þeim mörkum sem má ætla að greinist á svæðinu vegna jarðhræringa/jarðskjálfta. Taka skal fram í þessu samhengi að slíkir atburðir eru stakir, en titringur frá verksmiðju er viðvarandi. Í niðurstöðu er bent á að æskilegt sé að mæla bakgrunns titring, sem svo var gert og getið er um hér að framan.